

Borgarstjórn 15. maí 2018

Tillaga Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur, óháðs borgarfulltrúa, um afturköllun á úthlutun lóðar við Suðurlandsbraut 76.

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að afturkalla lóðarhlutun borgarráðs á lóð við Suðurlandsbraut 76 merkt nr S3 í samræmi við reglur stjórnsýslulaga og hefji að henni lokinni samtal við hagsmunasamtök eldri borgara um uppbyggingu á lóðinni.

Greinargerð:

Á fundi borgarráðs 19. september 2013 ákváðu fulltrúar Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Besta flokksins að úthluta Félagi múslima á Íslandi ókeypis lóð undir mosku í Sogamýri við Suðurlandsbraut 76, merkt S3 á skipulagsuppdretti. Félag múslima á Íslandi var ekki krafðið um nein gjöld af lóðinni.

Lög um Kristnisjóð gera aðeins ráð fyrir að sveitarfélög úthluti ókeypis lóðum undir kirkjur Þjóðkirkjunnar. Reykjavíkurborg var því óskyld og reyndar óheimilt að gefa lóðina. Fulltrúar meiri hlutans í borgarráði vísuðu hins vegar til þess að ekki mætti mismuna trúfélögum. Öll trúfélög yrðu að sitja við sama borð. Komið hefur í ljós að það voru aðeins hentistefnurök því meiri hlutinn hefur nú hafnað því að Hjálræðisherinn fái sömu undanþágu frá sköttum og gjöldum og Félag múslima á Íslandi.

Af viðbrögðum fulltrúa þeirra stjórnsmálaflokka sem mynduðu meiri hluta eftir síðustu kosningar var ljóst að lóðin yrði ekki afturkölluð á grundvelli þeirra sjónarmiða sem ég tefldi fram síðast. Nú eru hins vegar liðin tæp fimm ár án þess að nokkrar framkvæmdir séu hafnar. Því til viðbótar liggur nú fyrir að allar tilraunir Félags múslima á Íslandi til að fjármagna byggingu moskunnar hafa runnið út í sandinn.

Félagið múslima á Íslandi stóð fyrir söfnun til að byggja moskuna. Þegar kvittur fór af stað um að Sádi-Arabar hyggðust fjármagna moskuna lýsti Salmann Tamimi formaður félagsins því yfir að engir fjármunir hefðu borist frá Sádum vegna bygginarinnar og að félagsmenn hans myndu einfaldlega leggja til það fé sem þyrfti. Á árinu 2016 hóf félagið opinbera söfnun til að fjármagna byggingu moskunnar. Alls bárust fjárframlög frá 19 aðilum og nam samanlögð fjárhæð þeirra 740 bandaríkjadöllum. Þegar þetta er ritað eru engar framkvæmdir hafnar á lóðinni.

Ljóst er að engin moska verður byggð á lóðinni án erlends fjármagns. Jafnframt er ljóst að borgaryfirvöld hafa engan áhuga á að moska verði reist fyrir slíkt fjármagn enda fylgja því jafnan ákveðin skilyrði. Þannig hafa víða verið settar reglur í nágrennalöndum okkar til að koma í veg fyrir að erlent fjármagn, þar á meðal frá Sádi-Arabíu, sé notað til að byggja moskur. Jafnframt hafa erlend yfirvöld gripið til aðgerða til að takmarka áhrif Sádi-Arabíu við stjórn slíkra moska. Fyrir á þessu ári bönnuðu yfirvöld í Belgíu afskipti Sádi-Araba af starfsemi Stórmoskunnar í Brussel. Því miður hafa þeir flokkar sem sitja nú á Alþingi hins vegar ekki haft dug í sér til að leggja fram frumvarp sem bannar fjármögnun og afskipti af þessum toga. Eina ráðið er því að afturkalla lóðarúthlutunina.

Eftirfarandi rök eru fyrir afturkölluninni. Í fyrsta lagi var lóðarúthlutunin ólögsmæt og ekki hægt að byggja hana á lögum um Kristnisjóð. Í öðru lagi hafa engar framkvæmdir verið hafnar á lóðinni þrátt fyrir að tæplega 5 ár eru liðin frá úthlutuninni, en samkvæmt almennum lóða- og framkvæmdaskilmálum, sem m.a. gilda um lóðir til trúfélaga, er kveðið á um eftirtalda framkvæmdafresti, a) undirstöðu og plata skulu steipt innan þriggja ára, b) hús skal vera fokhelt innan fjögurra ára, c) hús skal vera fullfrágengið að utan innan fimm ára og d) yfirborgð lóðar og frágangur við lóðarmörk skal lokið innan sex ára. Ljóst er að skilyrði, a, b og c hafa ekki verið uppfyllt. Í þriðja lagi liggur fyrir að ekki hefur tekist að fjármagna bygginguna hérlandis. Ég tel því að forsendur fyrir lóðarúthlutuninni séu brostnar. Ég legg því til að borgarstjórn fylgi eftir þeirri stefnu sem viðhöfð hefur verið um að framkvæmdir af þessum toga verði að hefjast innan þriggja ára ella sé lóðarúthlutunin afturkölluð, sjónarmið um aðstæður varðandi lóðarafturkallanir eftir hrun eiga ekki við nú á einum mesta hagvaxtaskeiði á landinu og borginni.